

Fréttir | Grill66deildir | Grill 66 kvenna

Lögðu góðan grunn í fyrri

Ívar Benediktsson | 26.09.20



Leikmenn Gróttu fagna sigri á síðasta keppnistímabili. Mynd/Eyjólfur Garðarsson

Glatt var á hjalla meðal leikmanna og þjálfara kvennaliðs Gróttu í dag þegar flautað var til loka leiks Gróttu og Aftureldingar í Grill 66-deild kvenna og ljóst var að Gróttu hefði farið með sigur úr bítum, 22:20, eftir að Aftureldingarliðið hafði reynt hvað það gat í síðari hálfleik til að bæta fyrir slakan leik í fyrri.

Gróttuliðið réði lögum og lofum í fyrri hálfleik og var með átta marka forskot í hálfleik, 14:6. Þetta var fyrsti sigur Gróttu í Grill 66-deildinni á leiktíðinni en liðið tapaði fyrir Fram U í fyrstu umferð.

Afturelding sat yfir í fyrstu umferð. Báðum liðum hefur verið spáð að verða í baráttu um sæti í Olísdeild á næstu leiktíð. Gangi það eftir getur þessi sigur reynst Gróttu dýrmætur.

Mörk Gróttu: Anna Lára Davíðsdóttir 6, Tinna Valgerður Gísladóttir 5, Katrín Helga Sigurbergisdóttir 4, Steinunn Guðjónsdóttir 2, Ágúst Huld Gunnarsdóttir 2, Rut Bernódusdóttir 2, Katrín Anna Ásmundsdóttir 1.

Mörk Aftureldinga: Úlfhildur Tinna Lárusdóttir 6, Susan Barians 3, Katrín Helga Davíðsdóttir 3, Kristín Arndís Ólafsdóttir 2, Anamaria Gugic 2, Drífa Garðarsdóttir 2, Ragnhildur Hjartardóttir 1, Telma Rut Frimannsdóttir 1.



Nýjustu fréttir

Molakaffi: Viktor, Landin, Arnar og Zeitz
Ívar Benediktsson - 28.09.20

Fyrsta mark Kristjáns í Frakklandi – myndskaið
Ívar Benediktsson - 28.09.20

HC Odense heldur áfram að koma á óvart
Ritstjórn - 27.09.20



Fyrri frétt
Viktor Gísli greiddi leiðina í úrslit



Molakaffi: Viktor, Landin, Arnar og Zeitz

Fréttir | Ívar Benediktsson - 28.09.20

Næsta frétt
Þriðjungur markanna íslenskur



Fyrsta mark Kristjáns í Frakklandi – myndskaið

Fréttir | Ívar Benediktsson - 28.09.20



HC Odense heldur áfram að koma á óvart

Fréttir | Ritstjórn - 27.09.20



Sigurgangan hélt áfram í Hróarskeldu

Fréttir | Ívar Benediktsson - 27.09.20

- Olísdeildir
- Olís karla
- Olís kvenna
Grill66deildir
- Grill 66 karla
- Grill 66 kvenna
Landsliðin
Okkar fólk úti
Yngri flokkar
Útlönd
Skoðanir
Um vefinn
Útgefandi & auglýsingar
Skilmálar

- Facebook
Instagram
Twitter